

1873.

9. ágúst.

68. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um tollskrá með skipi.

Útaf því, að sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum hefir gjört þá athugasemd, þá er hann gaf út affermingarskýrteini handa galeaskipinu „*de tre Venner*“, sem skipstjóri „*H. F. Olsen*“ ræður fyrir, að tollskrá sú, er skipið hafði meðferðis, hafi verið ónákvæm, með því 4 tunnu-ílát með 8 mælistiga brennivíni, sem tilfærðar voru á henni, eigi voru í skipinu, og voru heldur eigi nefndar í vöruskrá kaupmannsins eða farmskrá skipstjórans, en í skipinu fundust 3 ánker eða 103½ pottur af brennivíni handa skipverjum sjálfum, sem eigi var getið um í tollskránni, gefum vèr til yður til vitundar samkvæmt beiðni frá úrskurðarstjórninni í málum um óbeinlínis skattgjöld, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það fyrnefndum sýslumanni, að brennivínsbruggari *Olsen* hefir sagt svo til, að með skipinu ætti að fara 4 tunnu-ílát eða ánker með 142 pottum brennivíns, án þess að því væri bætt við, að það væri ætlað skipverjum sjálfum, og væri eitt ánkerið drukkíð á leiðinni, en 3 væri eptir með 103½ potti.

69. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um jarðaskipti á kirkjujörð og bændaeign.

11. ágúst.

Eptir að hingað hafði borizt bréf yðar, herra landshöfðingi, 9. júní þ. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegneglum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar, þóknazt 1. þ. m. allramildilegast að fallast á, að skipta megi tveimur kirkjujörðum, sem heyra undir Rafnseyrar prestakall í Ísafjarðarsýslu í vesturumdæminu, Bolungarvík í Grunnavíkurhrepp og Horn í Slèttuhrepp, fyrir jörðina Kleyfar í Súðavíkurhrepp í tæðri sýslu, sem er eign Ásgeirs bónda Magnússonar; þó skal viðreki og

1873. hvalreki á kirkjújörðunum eptir sem áður áskilinn Rafnseyrar kirkju.
11. ágúst.

Þetta gefst yður, herra landshöfðingi, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það og gjöríð þær ráðstafanir, er með þarf.

13. ágúst. **70. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um lækkun á afgangi af klausturjörðum í Skaptafellssýslu.**

Í bréfi, dagsettu 17. maím. þ. á., hafið þér, herra landshöfðingi, skýrt frá, að amtmaðurinn í suðurumdæmi Íslands hafi útaf bréfi frá umboðsmanni Kirkjubæjar- og Þykkvabæjar klausturs mælt með, að lækkun sú á jarðarafgjaldi, sem samkvæmt úrskurði stjórnarráðsins 13. oktbr. 1870¹ var veitt leiguliðunum á jörðunni Slyjum, Einari Ólafssyni og Sveini Sveinssyni, megi gilda enn fyrir 3 ár, sökum þess að tæð jörð eyðist árlega af sandfoki, en lækkun þessi var 25 áln. fyrir hvorn þeirra um sig; jafnframt og þér getið þess, að tæð uppgjöf eptir verðlagsskrá yfirstandanda árs nemur alls 8 rd. 50 sk. eða 4 rd. 25 sk. fyrir hvorn leiguliðann um sig, hafið þér lagt til, að veita megi afgjalds lækkun þessa frá fardögum 1873 til fardaga 1876, og hafið þér um leið farið þess á leit, að yður verði veitt vald til að úrskurða um slík mál eptirleidis, án þess þau sè borin undir stjórnarráðið.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að með því eigi liggur fyrir nein skoðunargjörð um ástand jarðarinnar, heldur að eins skýrsla hlutaðeiganda umboðsmanns um, að jörðinni fari nokkuð aptur sökum áfalla af sandfoki, hefir stjórnarráðinu fundizt ísjárvert að veita það, sem sókt er um, en aptur ámóti gefum vèr yður, herra landshöfðingi, vald til að veita tæðum

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III, 103.